

Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur stjórn Lýsis og Mjöls h/f með sölu hlutafjár, kr. 267.000.00, til stefnda Jóns Gíslasonar á fundi sínum 31. des. 1952 brotið gegn margnefndri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952, 5. gr. samþykkt félagsins og f-lið 2. mgr. 31. gr. hlutafélagalaganna. Ber þegar af þessum ástæðum að taka kröfur stefnanda um ógildingu á téðri hlutafjársölu til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði in solidum stefnanda málskostnað með kr. 20.000.00.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum, Ísleifi Árnasyni fulltrúa og Ragnari Péturssyni kaupfélagsstjóra.

Því dæmist rétt vera:

Sala stjórnar Lýsis og Mjöls h/f til stefnda Jóns Gíslasonar á hlutafé í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, er samþykkt var á stjórnarfundi 31. desember 1952, skal ógild vera.

Stefndu, Lýsi og Mjöl h/f og Jón Gíslason, greiði in solidum stefnanda, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, kr. 20.000.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1957.

Nr. 56/1957. **Júpiter h/f** (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Tómasi Ólafssyni
 og gagnsök (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Skaðabætur fyrir líkamsmeiðsl.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1957. Hann gerir þær dómkröfur, að lækkuð verði fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, og að aðiljum

verði hvorum um sig dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 11. apríl s.l. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 137.110.49, en til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst hann og sjóveðréttar í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þeim, sem dæmdar verða.

Með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7000.00, og á gagnáfrýjandi samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914 sjóveðrétt í greindu skipi til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Júpiter h/f, greiði gagnáfrýjanda, Tómasi Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. febrúar 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Tómas Ólafsson, Fjölnisvegi 20 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 5. s. m., gegn h/f Júpiter hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 137.110.49 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, þar með töldum kostnaði við örorkumat og útreikning orkutjóns. Enn fremur krefst stefnandi sjóveðréttar í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda.

Tryggingu h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, en

engar kröfur gerðar á hendur því, og það hefur engar kröfur gert. Málsatvik eru þessi:

Að morgni laugardagsins 7. maí 1955 var b/v Neptúnus á siglingu út af Vestfjörðum. Um kl. 9 varð 1. vélstjóri var við leka í stjórnborðseldkatli skipsins. Var þá slökkt á öllum eldum, sjó dælt í stjórnborðsketilinn og eimprýstingur felldur með því að láta aðalvél „keyra út“ eiminn niður í 50 lbs. á ferþumlung. Kl. 11 var aðalvél stöðvuð og undirbúningur hafinn að því að loka ketilröri því, er lekt reyndist vera. Var stefnandi sendur af 1. vélstjóra inn í eldholið til að framkvæma þetta verk. Var hann þannig klæddur, að hann var í úlpu með áfastri hettu yfir höfðinu, sjóstakki og með sjóhatt, en fótabúnaður hans var ullarsokkar og lágir leðurskór. Stefnandi fór um eldholið inn í svo nefndan sótkassa, sem er inn af því, en það var nauðsynlegt til þess að hægt væri að komast að röri því, sem lak. Mjög lítið svigrúm er í sótkassanum og svartamyrkur. Hafði stefnandi meðferðis rafmagnshandlampa, til þess að sjá til við verkið. Þá kveðst hann hafa haft meðferðis um 9 þumlunga breiðan planku, sem hann hafi lagt yfir botn sótkassans, en þar var um það bil ökladjúpt, brennheitt vatn. Gerði stefnandi nú eftir föngum við lekann á ketilrörinu og fór að því búnu út úr eldholinu. Skömmu síðar fór stefnandi af nýju inn í sótkassann samkvæmt skipun 1. vélstjóra, og var nú eins útbúinn og í hið fyrra skiptið, en hafði auk þess sleggju meðferðis til þess að slá fastan tappa, er hann hafði sett í enda ketilrörsins í fyrra skiptið. Í þeim svifum, sem stefnandi var að slá eitt höggið á tappann með sleggjunni, slokknaði ljósið á handlampanum. Við þetta kom slinkur á stefnanda, og rann hann með báða fætur út af plankanum niður í brennheitt vatnið á botni sótkassans. Fór hægri fótur hans upp fyrir öklu, en sá vinstri upp fyrir rist. Hlaut stefnandi af þessu mikil brunasár á fæturna.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi verið búinn að slá nokkur högg á tappann, er slysið varð. Hafi hann haldið um skaft sleggjunnar með báðum höndum, en hengt lampann í krók utan á stakknum. Kveðst hann ekki telja ólíklegt, að slinkurinn, sem á hann kom, kunni að hafa stafað af því, að höggið hafi geigað nokkuð, er slokknaði á ljósinu. Hins vegar telji hann það alveg víst, að slokknað hafi á ljósinu, er sleggjan var á leiðinni að tappanum. Stefnandi kveður plankann, sem hann stóð á, ekkert hafa haggast, en hann hafi verið sleipur af vatni og sóti. Engin fyrirmæli eða ábendingar kveðst stefnandi hafa fengið um það að vera betur búinn til fótanna en hann var, er

hann fór inn í sótkassann. Hafi ekki verið minnzt á fótabúnað hans, fyrr en eftir að slysið var orðið. Þá hafi fyrsti vélstjóri ásakað sjálfan sig fyrir að hafa ekki sagt honum að fara í gúmmístígvél. Kveður stefnandi sér hafa verið ókunnugt um, hverjum hlífðarfötum venja sé, að menn búist við slíkar aðstæður, sem hér voru, en þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem hann fór inn í eldhol við slíkar aðstæður. Hins vegar hafi hann vitað, að vatnið í sótkassanum var heitt. Stefnandi hefur lokið vélstjóraþrófi frá vélstjóraskóla Íslands og hefur réttindi til vélgæzlu á íslenskum skipum. Kveðst hann hafa verið búinn að starfa að vélgæzlu á gufuskipum um tveggja ára skeið, er slysið varð.

Vitnið Jósafat Hinriksson, 1. vélstjóri, skýrir svo frá, að þegar leki, slíkur sem hér um ræðir, komi upp, safnist nokkurt vatn í eldholið og sé það brennheitt. Áður en byrjað sé að vinna að lagfæringu við þessar aðstæður, sé venja að leggja þykk borð í botninn á sótkassanum og stundum sé staðið á kassa. Vitnið kveðst telja, að vatnsleki, blandinn olíusóti, hafi gert „borðin skreip og hafi Tómas vegna þess runnið út af borðunum og lent niður í lekavatnið“. Verður eigi annað ráðið af þessum framburði vitnisins en að það telji, að fleiri en eitt borð hafi verið lagt yfir vatnið á botni sótkassans í umrætt sinn. Vitnið kveður hætta á því, að borðin, sem staðið er á, sporðreisist, þar sem eldholið er sívalningur. Þá getur vitnið þess, að hiti sé svo mikill í eldholinu við þessar aðstæður, að maður, sem þangað fer inn, haldist þar ekki við lengur en í 15—30 sekúndur. Við sjóferðaþróf út af umræddu slysi skýrði vitni þetta svo frá, að er stefnandi kom út úr eldholinu fyrra sinni, hafi það minnt hann á, að varlegra væri að búa sig betur til fótanna. Allt að einu hafi stefnandi haft sama hátt á um fótabúnað sinn, er hann fór inn í eldholið í síðara skiptið, en vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, fyrr en rétt um það bil, er stefnandi hrasaði. Nokkrum mánuðum síðar voru vitni þetta og stefnandi samþröfaðir fyrir dómi um þetta atriði. Hélt stefnandi þá fast við sinn fyrri framburð, en vitnið kvaðst ekki geta fullyrt ákveðið, að það hefði áminnt stefnanda um þetta, eftir að hann kom út úr eldholinu í fyrra skiptið, en áður en hann fór inn í það í síðara skiptið. Gat vitnið þess þá og, að verið gæti, að skolazt hefði í minni þess um, hvernig atvikum var háttað, þannig að það hafi ekki minnzt á fótabúnaðinn við stefnanda, fyrr en eftir að slysið var orðið.

Vitnið Ólafur Theódór Ólafsson, III. vélstjóri, skýrir svo frá, að það hafi verið viðstatt, er stefnandi fór inn í eldholið. Kveðst

það muna, að I. vélstjóri hafi brýnt fyrir honum, áður en hann hóf viðgerðina, að búast vel hlífðarfötum.

Vitnið Húbert Rósmann Morthensⁱ kyndari skýrði svo frá við sjóferðapróf út af slysinu, að er stefnandi kom út úr eldholinu í fyrra skiptið, hafi það haft orð á því við hann, að hann færi óvarlega, að búa sig ekki betur til fótanna. Hafi stefnandi svarað því til, að „allt væri í lagi“. Síðar, er vitni þetta kom aftur fyrir dóm, kvað það sig minna, að það hafi ekki haft orð á þessu, fyrr en stefnandi var kominn út úr eldholinu, eftir að slysið var orðið.

Vitnið Kjartan Filippusson kyndari kveðst hafa verið viðstatt í bæði skiptin, er stefnandi fór inn í eldholið. Hafi það ekki heyrt, að stefnandi væri áminntur um það að vera betur búinn til fótanna, áður en hann fór þangað inn.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að I. vélstjóri hafi vanrækt að leiðbeina honum um fótabúnað hans, er hann skipaði honum að fara inn í eldholið. Þá hafi honum heldur ekki gefizt ráðrúm til þess sjálfum að hugsa nákvæmlega um fótabúnað sinn. Vekur stefnandi athygli á því í þessu sambandi, að honum hafi verið ókunnugt um, hvernig venja sé að búa sig undir þessum kringumstæðum, þar sem þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem hann fór inn í eldhol við þessar aðstæður, svo sem fyrr greinir.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfu sína á því, að öryggisútbúnaður á sótkassanum hljóti að teljast hafa verið með öllu óforsvaranlegur við jafn hættulegar aðstæður, þar sem hann ekki hafi haft annað til að standa á en fyrrnefndan planka, sleipan af sóti og lekavatni. Þá hafi hér verið um svo hættulegt verk að ræða, að stefndi hljóti þegar af þeim sökum að bera fébótaábyrgð á slysinu.

Að lokum hefur stefnandi hreyft því, að ljósaspennan í skipinu hafi verið 220 volt, en bannað sé að fara inn í ketil, sé ljósaspennan hærri en 120 volt. Þá verði og að gera fyllstu kröfur til tækja eins og handlampans, þegar þau séu notuð við þær aðstæður, sem hér voru, einkum að perur séu ekki gamlar og lélegar.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að ófullkominn fótabúnaður stefnanda, er hann fór inn í sótkassann, hafi verið höfuðorsök slyssins. Hann sé fullnuma vélstjóri og hafi að eigin sögn starfað að vélgæzlu á gufuskipum í tvö ár, er slysið varð. Þekki hann því byggingu gufuvéla í skipum og viti, að slíka viðgerð, sem um ræðir, þurfi stundum að framkvæma. Þá hafi hann og

viðurkennt, að honum hafi verið um það kunnugt, að vatnið í sótkassanum var heitt. Þegar alls þessa sé gætt og það jafnframt haft í huga, að 1. vélstjóri hafi áminnt hann um að búa sig betur til fótanna, þá verði að telja, að stefnandi hafi átt alla sök á slysinu með óaðgæzlu sinni, enda hafi útbúnaður allur í sótkassanum verið forsvaranlegur og venju samkvæmt. Að lokum heldur stefndi því fram, að bilunin á ljósinu hafi verið óhappatilviljun, sem engum verði um kennt.

Eigi er annað í ljós leitt, en rétt sé sú frásögn stefnanda, að hann hafi ekki haft annað til að standa á við verk sitt en planka þann, sem hann hafði tekið með sér þangað inn. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, hve aðstaða öll var erfið þarna, bæði vegna þrengsla og geysilegs hita og ekki hvað sízt vegna þess, að sjóðheitt vatn var á botni sótkassans, þá er augljóst, að mjög hefur á það skort, að nauðsynlegar öryggisráðstafanir væru hafðar í frammi, en mjög var áriðandi að byrgja vatnið á botni sótkassans, t. d. með borðum, svo sem venja mun vera, þegar svo stendur á sem hér. Bar I. vélstjóra, sem yfirmanni í vélarrúmi, að sjá um, að fyllsta öryggis væri gætt.

Á hitt er að líta, að stefnanda, sem er vélstjóri að mennt og hafði á þessum tíma öðlzt nokkra reynslu í því starfi, mátti vera ljóst, að ekki var gætt viðhlítandi öryggisráðstafana, bæði að því er snerti umbúnað í sótkassanum sem og fótabúnað hans sjálfs, en að sögn hinna sérfróðu samdómenda þykir sjálfsögð varúð, að menn hafi gúmmístígvél á fótum, er þeir fara inn í sótkassann við þær aðstæður, sem hér voru. Var og einkum rík ástæða fyrir stefnanda að vanda betur fótabúnað sinn, áður en hann fór inn í sótkassann í síðara skiptið, þar sem honum hlaut þá að vera fullljóst orðið, að aðstaðan var slík, að þess var full þörf. Haggar þar engu um, þótt ekki verði talið sannað, að I. vélstjóri hafi leiðbeint honum í því efni.

Sú málsástæða stefnanda, að ljósspenna hafi verið of há og bilun ljóssins megi ef til vill að einhverju leyti til þess rekja, er engum rökum studd, og ekkert er fram komið í málinu, er bendi til, að pera í lampa þeim, er stefnandi hafði meðferðis, hafi verið gömul eða léleg. Verður því að fallast á það með stefnda, að ekki sé annað leitt í ljós, en að óhappatilviljun hafi valdið því, að á lampanum slokknæði.

Með hliðsjón af öllum atvikum þykir rétt, að stefndi beri að $\frac{3}{4}$ hlutum fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við umrætt slys. Er þá einnig haft í huga, að jafnvel þótt gætt sé fyllsta

öryggis hlýtur ávallt nokkur áhætta að vera því samfara að framkvæma starf það, sem stefnanda var falið, meðan hiti er svo mikill í eldholinu, sem hér var raunin, en á þeirri áhættu beri atvinnurekandinn ábyrgð.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kaup, þar með taldir fæðispeningar og orlof, tímabilið 8/5 1955—30/11 s. á., að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins og frá stefnda	kr. 55.902.60
2. Lyfjakostnaður	— 1.613.49
3. Orkutjón	— 47.594.40
4. Fyrirhöfn heimilis	— 2.000.00
5. Bætur fyrir lýti, sársauka, óþægindi og röskun á stöðu og högum	— 30.000.00

Samtals kr. 137.110.49

Um 3.

Skömmu eftir slysið var haldið áleiðis til Ísafjarðar, og var komið þangað kl. 19.00 um kveldið. Var stefnandi þegar fluttur í sjúkrahúsið þar á staðnum og lá þar í viku. Fór hann þá flugleiðis til Reykjavíkur. Stefnandi kveðst hafa legið rúmfastur heima þar til um miðjan ágúst. Hinn 1. september 1955 skýrir hann svo frá fyrir dómi, að hann sé þá enn algjörlega ófær til vinnu. Meðan stefnandi var að gróa sára sinna, var hann stundaður af Ezra Péturssyni lækni. Í vottorði læknis þessa, dags. 29. nóvember 1955, er meiðslum stefnanda og batahorfum lýst svo:

„.... Brunasárin voru á 1.—3. stigi, aðallega þriðja stigs brunasár. Þau eru nú loksins gróin. Húðin á báðum ristum og um öklana er rauð, skorpín, þunn og þurr. Búast má við því, að hún verði ávallt veil fyrir, og að þessi lýti haldist að verulegu leyti. Hann hefur verið haltur fram að þessu.“

Í bréfi Ólafs Tryggvasonar læknis, dags. 5. des. 1956, til lögmanns stefnanda segir á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar um, hvort ég telji líklegt, að núverandi sjúkdómur Tómasar Ólafssonar, er lýsir sér með þrálátum útbrotum, sé afleiðing brunasára, er hann hlaut á s.l. ári, vil ég taka fram, að ég tel sennilegt, að svo geti verið.“

Hin 11. desember 1956 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 13. s. m., segir svo:

„11. des. 1956: Slasaði mætti til skoðunar. Hægri fótur: Frá öklabeini báðum megin að utanverðu niður á hæljarka og fram

yfir, yfir ristina og í kring, er vel gróinn örvefur, en húðin er dálítið þynnri og bláleitari en eðlilegt er. Vinstri fótur: Á utanverðu öklabeini niður á hæl er vel gróið bláleitt ör. Hreyfingar í öklaliðum eru eðlilegar, en búast má við, að örvefurinn særist auðveldlegar en eðlileg húð.“

Metur lækurinn varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 5%.

Stefnandi er talinn fæddur 3. júlí 1924. Hefur hann því verið þrítugur að aldri, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann er kvæntur og hefur eitt barn á framfæri sínu, svo vitað sé.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum stefnanda námu atvinnutekjur hans árið 1954 kr. 53.547.00, en kr. 38.823.00 árið 1955. Mun stefnandi ekki hafa starfað hér á landi né talið hér fram til skatts næstu árin á undan.

Hinn 23. desember 1956 var atvinnutjón stefnanda vegna hinnar varanlegu örorku reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Í útreikningi sínum getur tryggingafræðingurinn þess, að atvinnutekjurnar árið 1955 muni vera frá áramótum til slysdags að viðbættu kaupi í einn mánuð eftir slysið. Með því að þar sé ekki um heilt ár að ræða, hafi hann talið tekjur þessar svara til hálfis árs tekna og vegið þær einungis að hálfu leyti móts við tekjur ársins 1954. Við umreikning til kauplags frá slysdegi til þess tíma, er útreikningurinn er gerður, kveðst tryggingafræðingurinn hafa reiknað með breytingum á launum verkamanna og iðnaðarmanna frá 1954, en það ár mun stefnandi hafa unnið í landi. Laun 1955 kveðst hann hins vegar að mestu hafa reiknað með þeim breytingum, sem orðið hafi á kjörum vélstjóra á togurum síðan. Getur hann þess jafnframt, að vandkvæðum sé þó bundið að meta til fjár margar þær breytingar, er orðið hafi. Þá kveðst tryggingafræðingurinn enn fremur hafa gert ráð fyrir, að með tekjum árið 1955 séu taldar þær hækkunarir, sem orðið hafi í ársbyrjun 1956 og látnar hafi verið gilda aftur fyrir sig frá hausti 1954, en um þetta hafi hann ekki vitneskju. Á þann hátt, sem að framan greinir, telst tryggingafræðingnum umreiknaðar árstekjur stefnanda nema kr. 67.053.00 fyrsta árið eftir slysið, en eftir það 70.615.00. Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að væri reiknað með meðaltekjum vélstjóra á togurum, eins og þær voru, þegar útreikningurinn var gerður, yrðu árstekjurnar mun hærri.

Miðað við slysdag, 5% varanlega örorku og framangreindar atvinnutekjur, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti orkutjóns stefnanda nema kr. 49.457.00.

Grundvöllur útreikningsins að öðru leyti er 6% aktívtöflur,

samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla á árunum 1941—1950.

Fjárhæð þessa kröfuliðs, sem stefndi hefur mótmælt sem allt of hárrí, fær stefnandi þannig fram, að hann leggur niðurstöðutöluna í útreikningi tryggingafræðingsins til grundvallar. Hins vegar tekur hann jafnframt tillit til þess, að hann krefst fulls kaups fyrir tímabilið frá slysdegi til 1. desember 1955 undir 1. kröfulið, enda þótt útreikningur tryggingafræðingsins sé miðaður við slysdag, en greint tímabil telur hann sig hafa verið 100% öryrkja. Telur hann niðurstöðutölu útreikningsins eiga að lækka af þessum sökum um kr. 1.862.60, eða í kr. 47.594.40.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, er hér skipta máli, þykir hæfilegt, að kröfuliður þessi sé tekinn til greina með kr. 43.000.00.

Um 1.

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann telur sig hafa verið algjöran öryrkja frá slysdegi til 1. desember 1955, svo sem fyrr getur. Kaup sitt þetta tímabil áætla hann, að hefði numið kr. 59.704.35 og orlofsfé af því kr. 2.985.00. Þá telur hann sig eiga rétt á fæðispeningum fyrir þetta tímabil, er nemi kr. 6.350.40 að viðbættu orlofi. Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 69.039.75. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi bætur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, samtals kr. 7.614.67, og bætur, sem stefndi hefur greitt honum upp í tjón hans, að fjárhæð kr. 5.522.40. Kemur þá fram fjárhæð sú, sem hér er krafizt.

Stefndi hefur ekki véfengt kröfulið þenna tölulega, og verður hann því lagður til grundvallar, þó svo, að bætur þær, sem hann hefur greitt stefnanda samkvæmt framansögðu dragast einungis frá þeim hluta af tjóni stefnanda, sem stefndi telst bera fébótaábyrgð á. Verður því kröfuliður þessi tekinn til greina með kr. 61.425.00, en kr. 5.522.40 dregnar frá heildartölum stefnanda hér á eftir.

Um 2 og 4.

Kröfuliðir þessir eru ekki véfengdir og verða teknir til greina óbreyttir.

Um 5.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda, og þess gætt, að brunasárur fylgja að jafnaði miklar þjáningar, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 18.000.00.

Samkvæmt framansögðu, telst tjón stefnanda nema kr. 126.-038.49 (kr. 43.000.00 + kr. 61.425.00 + kr. 1.613.49 + kr. 2.000.00 + kr. 18.000.00). Sem fyrr getur, ber stefnda að bæta $\frac{3}{4}$ hluta þess, eða kr 94.528.86, en frá þeirri fjárhæð dragast kr. 5.522.40, sem stefndi hefur þegar greitt upp í tjón stefnanda, eins og áður sagði. Mismuninn, kr. 89.006.46, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda ásamt vöxtum, svo sem krafist hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 9000.00. Er þar með talinn kostnaður við örorkumat, útreikning orkutjóns og töku ljósmynda af fótum stefnanda, samtals kr. 575.00.

Samkvæmt ákvæðum 4. tl. 236. gr. laga nr. 56 frá 1914 ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Júpiter, greiði stefnanda, Tómasi Ólafssyni, kr. 89.006.46 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags og kr. 9000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvember 1957.

Nr. 90/1957. **Ákærvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn

Jóni Hermann Jónssyni
(Lárus Jóhannesson hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
B. Lindal.

Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með gögnum þeim, sem greind eru í héraðsdómi, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrætt sinn. Hefur hann